



# FERÐAMÁLASTEUFNA RANGÁRÞINGS EYSTRÁ

Ferðamálastefna Rangárþings eystra var samþykkt í sveitarstjórn 14. mars 2019.

Stefnan var unnin út frá niðurstöðum samráðs- og stefnumótunarfundar við ferðapjónustuaðila í sveitarfélaginu. Í stefnunni koma fram sjö megináherslur og skiptist stefnan í tvennt þ.e. einkenni svæðis og framtíðarsýn sveitarfélagsins. Með stefnunni fylgir ítarleg verklýsing fyrir hvern verkþátt og er hún aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins. Hægt er að nálgast hana hér.

Það er von sveitarfélagsins að stefna þessi verði góður vegvísir til framtíðar fyrir sveitarfélagið, ferðapjónustuna sem og önnur fyrirtæki og stofnanir í sveitarfélaginu. Opinber og samþykkt stefna er leiðarljós fyrir alla til að vera samtíga í að efla okkar samfélag og að hér verði áfram blómlegt atvinnulíf og samfélag sem við getum verið stolt af.

*„Ferðamálastefna Rangárþings eystra er og verður gríðarlega gott verkfæri fyrir okkur íbúa Rangárþings eystra til að marka okkur sess sem ferðapjónustusveitarfélag í fremstu röð. Markmiðin eru háleit en skýr. Með samstilltu átaki sveitarfélagsins, íbúa og fyrirtækja hef ég fulla trú á því að okkur takist að innleiða hana og vinna þau verkefni sem hún tilgreinir með miklum sóma. Hér í Rangárþingi eystra höfum við alla innviði til að eflast í sátt við umhverfið, við höfum mannauðinn og náttúran okkar er stórbrotin frá fjöru til fjalls. Tækifærin eru óþrjótandi.“*



Anton Kári Halldórsson  
Sveitarstjóri Rangárþings eystra





## MEGINÁHERSLUR

1. Katla jarðvangur verði þekktur sem eitt helsta útivistarsvæði landsins til náttúruskoðunar, í fjölbreyttu landslagi með verndun og nýtingu að leiðarljósi.
2. Að efla kynningu, samvinnu, fræðslu og nýsköpun í menningar- og sögu-tengdri ferðapjónustu í sveitarfélaginu.
3. Áhersla verði lögð á Hvolsvöll sem áfangastað og miðstöð þjónustu í alfara-leið. Megináhersla verði á sögu, góða þjónustu, gestrisni, snyrtimennsku og sjálfbærni, þar sem vörur úr héraði verði í forgrunni.
4. Sveitarfélagið sinni skipulagsmálum af framsækni og taki þar mið af þróun atvinnulífs, en á sama tíma sé gætt að jafnvægi milli hagsmuna ferðapjónustu og íbúa. Að tryggð sé nægt úrval lóða, í þéttbýli og dreifbýli, fyrir fjölbreytta starfsemi og búsetuform.
5. Sveitarfélagið standi vörð um góðar og öruggar samgöngur og stuðli að góðu aðgengi að náttúruperlum svæðisins - þar sem við á.
6. Efla skal jákvæða og góða ímynd sveitarfélagsins sem verði höfð að leiðarljósi fyrir starfandi fyrirtæki, íbúa og gesti. Byggt verði á þeirri ímynd til að efla samfélagið inn á við og út á við.
7. Sveitarfélagið leggur áherslu á gott samstarf og samráð við íbúa, ferðapjónustuaðila og aðra hag smunaaðila við framkvæmd þessarar stefnu.



# Katla jarðvangur

Fjölbreytt náttúra milli fjalls og fjöru. Gott aðgengi að náttúruauðlindum sveitarfélagsins.

Fjölbreytt úrval menningartengdrar afþreyingar í boði.

Landbúnaðarhérað í alfaraleið.  
Gott samfélag og góð þjónusta.  
„Nafla Suðurlands“.

## EINKENNI SVÆÐIS

### NÁTTÚRAN

- Aðgengi að svartri fjöru og strandsvæði.
- Aðgengi að jöklum/ís. Tindfjallajökull, Eyjafjallajökull og Gígjökull.
- Aðgengi að eldsumbrotum. Magni, Móði og Eyjafjallajökull.
- Aðgengi að fossum sveitarfélagsins. Skógafoss, Seljalandsfoss, Gluggafoss, Kvernufoss og tugir annarra minni fossa.
- Aðgengi að náttúrutengdum sögustöðum um allt svæðið.
- Aðgengi að Suðrhálendinu er með því besta á landinu.
- Aðgengi að Þórsmörk – verndaður landnámsskógur.
- Aðgengi að landbúnaðarlandi/láglendi – Bændur.
- UNESCO svæði – Katla jarðvangur.

### MENNING OG SAGA

- Gott aðgengi að söfnum og sýningum – Byggða- og samgöngusafnið í Skógum, Anna á Moldnúpi, Lava Hvolsvelli, Sögusetrið, Kaupfélagssafnið, Njálurefillinn, Gamli bærinn í Múlakoti og fl.
- Gott aðgengi að sögutengdum stöðum víða um sveitarfélagið m.a. í tengslum við Njálu.
- Sveitarfélagið byggir á landbúnaði frá upphafi landnáms – saga, menning, matur og fleira.

### AÐGENGI OG SAMFÉLAG

- Hvolsvöllur er þungamiðja grunnþjónustu í sveitarfélaginu, er í alfaraleið – Naflinn.
- Góð grunnþjónusta s.s. lágvörverslun, heilsugæsla, banki, apótek, bensín- og olíusala, bifreiðaverkstæði, grófvörverslun, fræðsla og fl.
- Íþróttamannvirki utan- og innanhúss s.s. heilsustígur, frísbíggölvöllur, fótboltavöllur, sundlaug, líkamsræktarstöð, íþróttasalur, golfvöllur og sex félagsheimili.
- Öflug gæðaferðþjónustufyrirtæki um allt sveitarfélagið.
- Gott framboð af lóðum fyrir fjölbreytt íbúðahúsnæði, fyrirtæki og gatnag erð.
- Fjölbreytt og lifandi samfélag með iðandi mannlífi.
- Gæðasamfélag þar sem gott er að búa og gestum líður vel.



Rangárþing eystra verði þekkt sem framsækið sveitarfélag sem byggir á sjálfbærni, samvinnu og verndun náttúru.

Rangárþing eystra verði viðkomustaður ferðamanna þar sem ferðamenn dvelja í lengri tíma og njóti umhverfis, mannlífs, þjónustu og afurða svæðisins. Gestrisið gæða samfélag þar sem þekking, fræðsla og samvinna verði höfð að leiðarljósi.

Hvolsvöllur verði vinsæll áfangastaður og eftirsóknarverður til búsetu - með öflugum miðbæ.

## FRAMTÍÐARSÝN SVEITARFÉLAGSINS

### HVOLSVÖLLUR

- Stór segull – efla og bæta við það sem fyrir er.
- Naflinn – miðja Suðurlands og í alfaraleið.
- Öflugur miðbær fyrir íbúa og ferðamenn.
- Afþreying – auka hana til að stuðla að lengri dvöl ferðamanna á svæðinu.
- Sögutenging – saga bæjarins, saga sveitarfélagsins/svæðisins.
- Þjónustukjarni.
- Info – öflug upplýsingamiðstöð í alfaraleið.
- „Gourmet“/matvælaframleiðsla og „local“ vörur – hvetja til framleiðslu og sölu á vörum úr héraði.
- Hlúa að samfélaginu, ferðamenn og íbúar. Gæta þess að ekki halli á íbúa sveitarfélagsins í þjónustu og gæðum.

### SKIPULAGSMÁL OG FRAMKVÆMDIR

- Skipulagsmál verði unnin eins hratt og vel og hægt er.
- Lóðaframboð – ávallt verði nóg af skipulögðum íbúðar- og þjónustulóðum í sveitarfélaginu.
- Dreifing byggðar – búseta í dreifbýli sem styður við atvinnu í dreifbýli.
- Sátt við náttúru.
- Gott aðgengi að náttúruperlum.
- Sjálfbærni áfangastaða.
- Bætt öryggi í umferðinni og á áfangastöðum.
- Alþjóðaflugvöllur.

### GÆÐA SAMFÉLAG / SVEITARFÉLAG

- Gæðafyrirtæki í ferðaþjónustu – Vakinn (gæðakerfi).
- Sjálfbærni áfangastaða/náttúruperla. Verndun og nýting.
- Gæðalandbúnaðarland – láglendi.
- Landbúnaður.
- Efla starfsfólk í ferðaþjónustu og tengdum greinum, m.a. grunnfærni í íslensku, „local guide“/ þekking á svæðinu, náttúru og innviðum.
- Gæðavörur – „gourmet“ vörur úr héraði.
- Fjölbreytt atvinnulíf og blómlegt mannlíf.
- Gestrisni - taka vel á móti gestum.
- Fræðsla til starfsfólks.
- Samvinna aðila í greininni.
- Samfélagsmiðlar.
- Fundaaðstaða/ráðstefnuaðstaða.
- „Slow tourism“ – stuðla að lengri dvöl ferðamanna á svæðinu.
- Sátt við náttúruna.
- Grænt samfélag og kurteisi.
- Sjálfbærni.





*"Við tökum vel á  
móti þér"*



KATLA GEOPARK

SMELTU HÉR TIL AÐ LESA FERÐAMÁLASTEFNUNA OG VERKEFNIN